

## LÖG

### um breytingu á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 136/2013 (starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Einnig hafa Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög með höndum starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. geymslu koldíoxíðs og annarra vatnsleysanlegra gastegunda í jörðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. maí 2023.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

*Guðlaugur Þór Þórðarson.*